

EFNISYFIRLIT

1. Farmverndaryfirlýsingar Almennar leiðbeiningar	2
2. Fylla úr farmverndaryfirlýsingu fyrir tóma gáma	2
3. Skrá handvirkt inn upplýsingar um viðbótar gáma.....	3
4. Vista farmverndaryfirlýsingu vegna tómra gáma	4
5. Skrá rafrænt inn upplýsingar um viðbótar gáma.....	5
5.1. Tölvutæka skráin.....	5
5.2. Farmverndarfulltrúi les rafrænt inn tölvutæka skrá	5
5.2.1. Fylla út farmverndaryfirlýsingu og vista	5
5.2.2. Smella á tengil til að lesa rafrænt inn upplýsingar.....	6
5.2.3. Velja tölvutæka skrá, lesa hana rafrænt inn og vista	7
5.2.4. Afgreiða farmverndaryfirlýsingu eftir rafrænan innlestur	8
5.2.5. Hnappurinn <i>Les rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer</i>	9

Tölvukerfi Tollstjóra vegna farmverndar

Farmverndaryfirlýsing vegna tómbra gáma

1. Farmverndaryfirlýsingar Almennar leiðbeiningar

Í leiðbeiningum sem heita *Fylla út farmverndaryfirlýsingu* og *Skoða útfylltar farmverndaryfirlýsingar* eru allar almennar upplýsingar sem farmverndarfulltrúar þurfa á að halda um farmverndaryfirlýsingar. Í leiðbeiningunum hér á eftir er eingöngu fjallað um farmverndaryfirlýsingar vegna tómbra gáma og þá sérstaklega um að lesa rafrænt inn upplýsingar um tóma gáma.

2. Fylla út farmverndaryfirlýsingu fyrir tóma gáma

Þegar farmverndarfulltrúi velur að fylla út farmverndaryfirlýsingu fyrir tóma gáma birtist skjámynd þar sem fylla á út upplýsingar um tóman gám. Í skjámyndinni er einnig hægt að skrá handvirkt inn upplýsingar um viðbótar gáma með því að smella á tengilinn *Fleiri gámar* (sjá nánari lýsingu í lið 3). Þegar búið er að skrá inn allar upplýsingar á að smella á hnappinn *Vista* sem er neðst á skjámyndinni.

TOLLSTJÓRI FARMVERND		Innskráður notandi: 0708532569-1 Gunnar Karlsson Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembætti Útskráning	
FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR AÐGERDIR			
Farmverndaryfirlýsing / Cargo Security Declaration			
Tómir gámar / Empty container(s)			
1 Nafn fyrirtækis / Company Tollstjóraembættið	2 Kennitala / National registration number 650269-7649	3 Heimilisfang / Address Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík	
4 Heimildarnúmer fyrirtækis / Company authorisation number 200400088	5 Dagsetning brottfarar / Date of departure 25.10.2004	6 Tími brottfarar / Time of departure	
7 Gámanúmer / Container no. Fleiri gámar	8 Númer innsiglis / Seal number	9 Farmverndarfulltrúi við frágang / Cargo security rep. 070853-2569 - Gunnar Karlsson	
10 Tollumdæmi / Customs district -Veldu tollumdæmi-	11 Brúttó þungi í kg / Weight in kg.	12 Raðnúmer farmverndaryfirlýsingar / Customs declaration number	
13 Hleðslustaður / Loading area			

Þegar búið er að skrá allar upplýsingar á að smella á Vista, annars Hætta við

Reitir sem fylla þarf út:
Gámanúmer
Tollumdæmi (fellilisti)
Hleðslustaður

Hægt að breyta dagsetningu

Vista Hætta við

3. Skrá handvirkt inn upplýsingar um viðbótar gáma

Á einni og sömu farmverndaryfirlýsingu vegna tómrá gáma er hægt að tilgreina fleiri en eitt gámanúmer. Hægt er að skrá þessar upplýsingar handvirkt eða vélrænt. Þegar skrá á upplýsingar um viðbótargáma handvirkt á að smella á tengilinn *Fleiri gámar*, sem er í reit 7 í farmverndaryfirlýsingu vegna tómrá gáma. Svona lítur skjámyndin út áður en stutt er á tengilinn *Fleiri gámar*.

The screenshot shows the 'Farmverndaryfirlýsing / Cargo Security Declaration' form. Field 7, 'Gámanúmer / Container no.', is highlighted with a yellow box and labeled 'Fleiri gámar'. Below the box, the text 'Fleiri gámar' is visible. The form includes fields for company information, national registration number, date of departure, address, seal number, weight, and customs district. A button labeled 'Vista' is at the bottom left.

Þegar smellt er á tengilinn *Fleiri gámar* breytist reitur 7. Nú bætast við línur til að handskrú 10 gámanúmer til viðbótar. Eigi að handskrú enn fleiri gáma má smella aftur á tengilinn *Fleiri gámar* og bætast þá við 10 línur í hvert sinn sem smellt er á tengilinn. Svona lítur skjámyndin út þegar búið er að smella á tengilinn *Fleiri gámar*. Nú er hægt að ská inn handvirkt 10 ný gámanúmer (upphaflega númerið og 10 ný númer) sbr. næstu skjámynd.

The screenshot shows the 'Farmverndaryfirlýsing / Cargo Security Declaration' form after clicking the 'Fleiri gámar' link. Field 7 now contains multiple empty rows for entering container numbers. A yellow box highlights the first row, labeled 'Upphaflegi gámurinn og 10 ný gámanúmer'. The rest of the form structure is identical to the previous screenshot.

4. Vista farmverndaryfirlýsingu vegna tómra gáma

Þegar farmverndaryfirlýsing er vistuð birtist næsta skjámynd þar sem staðfest er að farmverndaryfirlýsingin hafi verið vistuð. Til að vinna áfram með farmverndaryfirlýsingar er hægt að smella á eftirfarandi þrjá tengla í sjámyndinni til að velja mismunandi vinnuleiðir: 1) Með því að smella á *Opna farmverndaryfirlýsingu* er farmverndaryfirlýsingin opnuð aftur. 2) Hægt að smella á *Í lista* til að komast aftur í skjámynd til fá lista yfir farmverndaryfirlýsingar. 3) Hægt að smella á *Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer* til að velja sérstaka vinnuleið sem býður upp á þann möguleika að lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer. Þeirri vinnuleið er svo lýst nánar í lið 5.

Skjámynd, sem staðfestir að farmverndaryfirlýsing hafi verið vistuð

The screenshot shows the interface for the Farm Protection Declaration system. At the top left is the logo of the Toll Authority (TOLLSTJÓRI FARMVERND). To the right, contact information is displayed: 'Innskráður notandi: 0708532569-1 Gunnar Karlsson', 'Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið', and 'Útskráning'. Below this is a header bar with the text 'FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR AÐGERÐIR'. The main content area displays the message 'Farmverndaryfirlýsing var vistuð'. Below this message are three yellow boxes with arrows pointing to the text 'Opna farmverndaryfirlýsingu', 'Í lista', and 'Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer'. The text 'Opna farmverndaryfirlýsingu' has an arrow pointing to the text 'Opna farmverndaryfirlýsingu', 'Í lista', and 'Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer'. The text 'Í lista' has an arrow pointing to the text 'Opna farmverndaryfirlýsingu', 'Í lista', and 'Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer'. The text 'Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer' has an arrow pointing to the text 'Opna farmverndaryfirlýsingu', 'Í lista', and 'Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer'. The text 'Aftur í lista' has an arrow pointing to the text 'Opna farmverndaryfirlýsingu', 'Í lista', and 'Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer'.

5. Skrá rafrænt inn upplýsingar um viðbótar gáma

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir er hægt að tilgreina fleiri en eitt gámanúmer á einni og sömu farmverndaryfirlýsingunni vegna tómrá gáma. Það er hægt á tvennan hátt. Annars vegar er hægt að skrá upplýsingarnar handvirkt með því að smella á tengilinn *Fleiri gámar*. Þessa aðferð er búið að útskýra í lið 3. Einnig er hægt að skrá rafrænt inn upplýsingar um gáma. Hér á eftir er útskýrt hvernig það er gert.


5.1. Tölvutæka skráin

Gert er ráð fyrir að farmflytjandi sjái um að útbúa tölvutæka skrá hverju sinni í eigin tölvukerfi. Skránni þarf að koma þannig fyrir í tölvukerfi farmflytjanda að farmverndarfulltrúi geti sótt skrána til að lesa rafrænt inn upplýsingar úr henni.

Skráin á að vera textaskrá (nafn endar á *.txt*) og í henni eiga bara að vera upplýsingar um númer þeirra gáma sem lesa á tölvutækt inn. Númer gáma eiga að vera aðskilin með kommu (tákninu ,).

Í næstu skjámynd er sýnishorn af skránni sem notuð er í dæmunum sem á eftir fylgja. Geyma má skrána hvar sem er, t.d. á C, N eða S drifi svo fremi að hægt sé að ná í skrána til að forritið geti lesið hana.

Skráin sem við notum í dæmunum hér á eftir heitir *vidbotargamar.txt* og er í þessu tilfelli geymd á N drifi.



5.2. Farmverndarfulltrúi les rafrænt inn tölvutæka skrá

Til að útskýringar séu sem gleggstar er best að fylla út nýja farmverndaryfirlýsingu frá grunni og lýsa öllum skrefunum.

5.2.1. Fylla út farmverndaryfirlýsingu og vista

Byrjað er á að fylla út farmverndaryfirlýsingu með upplýsingum um einn tóman gám og síðan smellt á hnappinn *Vista*, sbr. næstu skjámynd

TOLLSTJÓRI FARMVERND		Innskráður notandi: 0708532569-1 Gunnar Karlsson Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembætti Útskráning	
FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR AÐGERDIR			
Farmverndaryfirlýsing / Cargo Security Declaration			
Tómir gámar / Empty container(s)			
1 Nafn fyrirtækis / Company Tollstjóraembættið	2 Kennitala / National registration number 650269-7649	3 Heimilisfang / Address Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík	
4 Heimildarnúmer fyrirtækis / Company authorisation number 200400098	5 Dagsetning brottfarar / Date of departure 26.10.2004	6 Tími brottfarar / Time of departure	
7 Gámanúmer / Container no. PRUFA 123 Fléiri gámar	8 Númer innsiglis / Seal number	9 Farmverndarfulltrúi við frágang / Cargo security rep. 070853-2569 - Gunnar Karlsson	
10 Tollumdæmi / Customs district Tollstjórinn í Reykjavík	11 Brúttó þungi í kg / Weight in kg.	12 Raðnúmer farmverndaryfirlýsingar / Customs declaration number 8832	
13 Hleðslustaður / Loading area SKúlagata 17, 101 Reykjavík			

Þegar búið er að skrá allar upplýsingar á að smella á Vista, annars Hætta við

Vista Hætta við **Vista**

Gámanúmer, tollumdæmi og hleðslustaður

5.2.2. Smella á tengil til að lesa rafrænt inn upplýsingar

Þegar smellt er á hnappinn *Vista* í skjámyndinni á undan birtist næsta skjámynd sem staðfestir að farmverndaryfirlýsing hafi verið vistuð. Þegar lesa á rafrænt inn upplýsingar um gáma á að smella á tengilinn *Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer*.

TOLLSTJÓRI FARMVERND		Innskráður notandi: 0708532569-1 Gunnar Karlsson Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembætti Útskráning	
FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR AÐGERDIR			
Farmverndaryfirlýsing var vistuð			
Opna farmverndaryfirlýsingu í lista Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer			

Lesu rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer

5.2.3. Velja tölvutæka skrá, lesa hana rafrænt inn og vista


Nú birtist skjámynd þar sem rétt skrá er valin með því að smella á hnappinn „Browse.“ Þegar búið er að velja skrá á að smella á hnappinn *Lesu rafrænt inn og vista*.

Einnig er hægt að hætta við að lesa rafrænt inn og fara aftur í farmverndaryfirlýsingu með því að smella á hnappinn *Hætta við*.

Eins og að framan greinir heitir skráin sem lesin er rafrænt inn í þessum dæmum *vidbotargamar.txt* og er á *N* drifi. Rétt skrá er valin með „Browse“ hnappi. Þegar búið er að velja skrána lítur skjámyndin út eins og næsta mynd sýnir. Síðan er smellt á hnappinn *Lesu rafrænt inn og vista*.

Komi upp einhverjar villur við rafrænan innlestur birtast viðeigandi villuboð á skjánum.

Ef rafrænum innlestri lýkur eðlilega birtist eftirfarandi skjámynd þar sem staðfest er að farmverndaryfirlýsingu hafi verið breytt. Hér á að smella á hnappinn *Opna farmverndaryfirlýsingu*



5.2.4. Afgreiða farmverndaryfirlýsingu eftir rafrænan innlestur

Þegar smelt er á hnappinn *Opna farmverndaryfirlýsingu* í skjámyndinni hér að framan opnast farmverndaryfirlýsingin að nýju. Nú er búið að bæta við upplýsingum um gámanúmerin sem lesin voru rafrænt inn. Athuga einnig að gámanúmerið sem upphaflega var skráð handvirkt inn á farmverndaryfirlýsingu hafa nú flust til í röðinni. Farmverndaryfirlýsingin er vistuð en óafgreidd. Upplýsingar um þetta sjást í næstu skjámynd. Ef upplýsingar eru réttar á að smella á hnappinn *Afgreiða*. Ef breyta þarf upplýsingum á að smella á hnappinn *Breyta*. Á þessu stigi er líka ennþá hægt að eyða farmverndaryfirlýsingunni með því að smella á hnappinn *Eyða*. Sé það gert glatast allar upplýsingar sem búið er að vista. Ef sú staða kemur upp að lesa þurfi rafrænt inn upplýsingar um fleiri gáma er það hægt með því að smella á hnappinn *Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer*.

Farmverndaryfirlýsing / Cargo Security Declaration		
Tómir gámar / Empty container(s)		
1 Hafn fyrirtækis / Company Tollstjóraembættið	2 Kennitala / National registration number 650269-7649	3 Heimilisfang / Address Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík
4 Heimildarnúmer fyrirtækis / Company authorisation number 200400098	5 Dagsetning brottfarar / Date of departure 26.10.2004	6 Tími brottfarar / Time of departure
7 Gámanúmer / Container no. TRLU 494919-0	8 Húmer innsigils / Seal number	9 Farmverndartulltrúi við frágang / Cargo security rep. 070853-2569 Gunnar Karlsson
10 Tollumdemi / Customs district Tollstjórinn í Reykjavík	11 Brúttó þungi í kg / Weight in kg.	12 Raðnúmer farmverndaryfirlýsingar / Customs declaration number 8832
13 Hleðslustaður / Loading area SKúlagata 17, 101 Reykjavík		
14 Tómir gámar / Empty containers		
Gámanúmer / Container no. TRLU 538252-0	Gámanúmer / Container no. MSKU 81357-5	Gámanúmer / Container no. PRUFA 123456789 1
<p>Til að afgreiða og prenta út farmverndaryfirlýsinguna á að smella á Afgreiða. Smellið á táknid til að fá upplýsingar um svæði á farmverndaryfirlýsingu sem skrifa þarf í eftir að búið er að prenta hana út.</p> <p>Til að breyta upplýsingum á að smella á Breyta. Hægt er að hætta við og eyða út farmverndaryfirlýsingunni með því að smella á Eyða.</p>		
<p> <input type="button" value="Breyta"/> <input type="button" value="Eyða"/> <input type="button" value="Afgreiða"/> </p> <p> <input type="button" value="Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer"/> <input type="button" value="Breyta Eyða og Afgreiða"/> <input type="button" value="Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer"/> </p>		
<p>Í lista</p>		

5.2.5. Hnappurinn *Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer*

Eins og sjá má hefur á þessu stigi bæst við nýr hnappur í farmverndaryfirlýsingu vegna tómra gáma og heitir hann *Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer*. Þessi hnappur virkar alveg eins og tengillinn *Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer* sem lýst er í lið 5.2.2 hér að framan. Í stað þess að smella strax á tengilinn *Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer* eins og lýst er í lið 5.2.2. væri líka hægt að smella á tengilinn *Opna farmverndaryfirlýsingu*, sem er í sömu skjámynd, og opna þannig farmverndaryfirlýsinguna aftur. Þannig er hægt að skoða farmverndaryfirlýsinguna nánar áður en upplýsingar um gámanúmer eru lesnar rafrænt inn. Sé farmverndarfulltrúi sáttur við farmverndaryfirlýsinguna smellir hann á bendilinn *Lesa rafrænt inn upplýsingar um gámanúmer* og kemur þá upp sama skjámynd og lýst er í lið 5.2.3 hér að framan. Framhaldið er það sama og lýst er þar. Með öðrum orðum: Tvær leiðir eru í boði til að kalla fram skjámynd sem notuð er þegar upplýsingar eru lesnar inn rafrænt en framhaldið er síðan það sama.